



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

93.fundur

Skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn þriðjudag 20.nóv. 1984. Fundinn sóttu: Ingólfur Halldórsson settur skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Hjálmar Árnason settur aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingimundur Guðnason, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Eggert Ólafsson, Edda Rós Karlsdóttir fulltrúi nemenda, Gísli Torfason fulltrúi kennara, Valtýr Guðjónsson ritari. Jón Böðvarsson skólameistari leit inn á fundinn í byrjun, var á snöggri ferð.

Þetta gerðist:

Utan dagskrár gat formaður þess að einn nefndarmanna, Eggert Ólafsson, hefði nátt 75 ára afmæli 17.nóv.sl. Hann hefur setið í skólanefnd frá byrjun skólans. Flutti formaður honum þakkir og heilla-óskir, og tóku nefndarmenn undir það.

1 Formaður las bréf frá Jóni Böðvarssyni, þar sem hann segir lausri stöðu sinni sem skólameistari við skólann. Hann hefur nú verið ráðinn af iðnaðarráðherra forstöðumaður að ritun iðnsögu Íslendinga. Þakkar hann um leið ánægjulegt samstarf við skólanefnd, nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Skólanefnd gerir sér grein fyrir að mikill sjónarsviptir er að Jóni, svo mjög sem hann hefur unnið skólanum frá upphafi, og þakkar honum ómetanleg störf. Nánar verður vikið að þessum tímamótum í sögu skólans í fundargerð síðar. Greinarg. frá iðnaðarráðh. fylgdi.

Settir til áramóta vegna þessara breytinga eru Ingólfur Halldórsson skólameistari og Hjálmar Árnason aðstoðarskólameistari. Til umræðu kom, hvort auglýsa skyldi starfið laust strax, þ.e. frá áramótum, eða láta það bíða til vors, og var síðari kostur valinn. Um leið leitaði formaður eftir því við Ingólf og Hjálmar, hvort þeir vildu gegna sömu störfum út skólaárið og féllust þeir á það.

2. 16.nóv.sl. fóru formaður, skólameistarar og nefndarmenn tveir með þeim á fund fjárveitinganefndar Alþingis, til að fylgja eftir nokkrum bréfum til hennar um fjármál skólans, og fjárveitingar í frumvarpi til fjárlaga 1985. Bentu þeir á að áætlun til reksturs stæðist ekki miðað við reynslu, né heldur til nauðsynlegra fjárfestinga. Höfðu þeir með sér yfirlit úr bókhaldi skólans pr.15.nóv. sl. Virtust fjárveitinga-nefndarmenn taka upplýsingunum vel.

3. Afgreiðsla bréfa. Formaður las uppkast að svarbréfum til Ægis Sigurðssonar út af ágreiningi milli hans og skólameistara á sínum tíma, og svarbréf til kennarafélags FS. út af aðfinnlu þess á störf og afgreiðslu skólaneftndar. Svarbréf þessi voru samþykkt, og formanni falið koma þeim áleiðis til rétttra aðila.

4. Settur skólameistari ræddi nokkuð um tafir við kennslu vegna verkfalls 4ra kennara um daginn, og sagði frá að gerðar hefðu verið ráðstafanir til að bæta úr með aukakennslu, lengingu námstíma fram að skólaslitum. Útlit er fyrir að skólaslit geti farið fram 16.des.með hefðubundnum hætti. Þess verður að gæta að ekki sé farið út fyrir ramma fjárlaga, vegna aukakennalunnar.

5. Önnur mál.

a A. Björgunarfélagið Stakkur hefur beðið um að mega setja upp fjárskiptamastur í einu horni lóðar skólans, íðavöllum. Var það heimilað að tilskildu samþykki skipulagsyfirvalda.

B. Gísli Torfason vakti máls á, að engin skólaspjöld hefðu verið gerð í Fjölbrautaskólanum til þessa, en slík spjöld væru algeng í mörgum öðrum skólum og prýddu þar vegg. Ekki útrætt.

C. Settur skólameistari flutti erindi frá stjórnarnefnd flugliðabrautar, en í henni sitja Skúl. Jón Sigurðarson, deildarstjóri hjá Flugmálastjórn, Hjálmar Diego Arnórsson deildarstjóri og kennari við brautina, og skólameistari. Hafði þessari nefnd verið falið að semja tillögur um uppsetningu á fjögurra ára flugliðabraut til stúdentsprófs, og fá síðan staðfestingu réðuneytis á námsinnihaldi hennar. Þetta mun ekki þýða aukið framboð á kenndum áföngum frá því sem nú er, heldur eru settir kjarna þessarar brautar þeir áfangar sem kenndir eru í skólanum, og best gætu nýttst

starfandi flugmönnum. Til dæmis kæmi aukið málanám í ensku, í stað jarðfræði og líffræði, kæmi aukin kefnsla í veðurfræði osfrv. Uppseting þessarar brautar sé í samræmi við gildandi reglugerðum menntaskóla, og leiði til studentsprófs ef samþykkt verður. -Þess má að lokum til viðbótar geta, að við ráðningu hjá Flugleiðum nýverið voru 6 fyrverandi nemendur úr FS ráðnir aðstoðarflugmenn og þrír að auki til vara. Auk þess er vitað um 9 aðra fyrverandi nemendur FS að störfum hjá öðrum flugfélögum í landinu. Þess skal gætið ennframt, að greinargerð um flugmám til studentsprófs fylgdi skýringum settum skólameistara, frá Jóni Böðvarssyni.

D. Rætt um kynningu á tækni- og verknámsbrautum skólans, sbr. síðustu fundargerð. Settur aðstoðarskólameistari greindi frá því að nemendur á fjölmiðlabraut væru langt komnir með að vinna kynningarbækling um þetta efni undir stjórn Kennara. Iðnskólaútgáfan hefur boðið prentun bæklinga, kr. 8.800 miðað við brotið A 5, 3500 eintök, 12 bls. Skólanefnd samþykkir að taka tilboði Iðnskólaútgáfunnar, og stefna jafnframt að því að dreifa bæklingnum í hús á Suðurnesjum.

E. Þá skýrði aðstoðarskólameistari frá áætlun um að bjóða einstökum bekkjum elsta árgangs grunnskóla til kynningarfundar í tækni- og verknámshúsum skólans í því skyni að efla áhuga á því sviði.

F. Aðstoðarskólameistari skýrði frá því að í skólann væri kominn tölvubúnaður vegna stjórnunarþátta, ásamt hugbúnaði Þórhannesar Axelssonar. Það hann nú unnið að því að slá inn upplýsingar á tækið vegna skólahaldsins, en stefnt væri að því að tækið kæmi að fullum notum frá og með næstu önn. Tölvufróðir aðilar innan skólans munu allir hafa lofað tækið og hugbúnað þess. Sýnt þykir að veruleg hagræðing fylgi notkun þess.

G. Aðstoðarskólameistari gat þess að um næstu áramót léti einn af reyndari kennurum skólans, Sævar Reynisson, af störfum. Þjóst væri að fylla þyrfti skarð hans, og óskaði aðstoðarskólameistari eftir heimild skólanefndar til að auglýsa eftir tölvunar- eða viðskiptafræðingi til starfa á næstu önn. Var það samþykkt.

H. Að lokum minntist aðstoðarskólameistari myndlistar-sýningar fyrrum nemenda skólans þeirra Magnúsar Pálssonar og

Þorfinns Sigurgeirssonar, þeirra sem máluðu mynd á vegg
í matstofu sl.vetur. Kvað hann vel til fallið að skólinn
keypti af þeim mynd. Var það heimilað.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson
ritari

Ingólfur Halldórsson
skólameistari